

**Þingsályktun**

**um framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning og forvinnu vegna nýrrar flugbrautar á Egilsstaðaflugvelli. Skal við verk þetta farið eftir tillögum flugmálanefndar. Stefnt skal að því að framkvæmdir hefjist á árinu 1987.

Ríkisstjórninni er heimilt í þessum tilgangi að taka lán allt að 60.000 þús. kr.

*Samþykkt á Alþingi 11. mars 1987.*

